

Forsætisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Ferðamála- iðnaðar- og nýsköpunarráðherra**
Sendandi: **Skrifstofa löggjafarmála**
Dagsetning: **18.08.2020**
Málsnúmer: **FOR20080090**
Bréfalykill: **6.11**

Efni: Siðareglur ráðherra - Myndbirting á samfélagsmiðlum

Með símtali, þann 17. ágúst sl., óskaði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið eftir ráðgjöf í tengslum við siðareglur ráðherra, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011. Í beiðninni kom fram að borist hafi fyrirspurn frá fjölmíðli um það hvort þátttaka ráðherra í samsæti, sem merkt hefur verið sem samstarf við Icelandair Hotels á samfélagsmiðlum, samrýmist 3. og 4. gr. siðareglna ráðherra nr. 1250/2017. Í kjölfarið var skrifstofu löggjafarmála í forsætisráðuneytinu falið að taka saman helstu sjónarmið sem koma til álita um túlkun reglnanna í þessu tilviki.

Siðareglur ráðherra eru settar með stoð í 2. mgr. 24. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011. Þar kemur fram að hver og einn ráðherra gæti að því fyrir sitt leyti að farið sé eftir reglunum. Þau ákvæði sem koma helst til álita eru eftirfarandi:

3. tölul. 1. gr.

Ráðherra notfærir sér ekki stöðu sína, eða upplýsingar sem hún veitir honum sérstakan aðgang að, til persónulegs ávinnings fyrir sig eða aðila sér nákomna.

2. tölul. 3. gr.

Ráðherra er ekki heimilt að hafa einkanot af gæðum starfsins nema að svo miklu leyti sem lög og reglur leyfa. Halda skal skrá um þær gjafir sem ráðherra þiggur í krafti embættis síns og skulu þær renna til viðkomandi ráðuneytis. Það á þó ekki við um minniháttar persónulegar gjafir.

3. tölul. 3. gr.

Ráðherra þiggur að jafnaði ekki boðsferðir af einkaaðilum nema opinberar embættisskyldur séu hluti af dagskrá ferðarinnar.

1. tölul. 4. gr.

Ráðherra forðast allt athæfi sem líklegt er til að vekja grunsemdir um að hann notfæri sér stöðu sína í eiginhagsmunaskyni.

Samkvæmt upplýsingum frá ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu var um að ræða samsæti ráðherra og vinkvenna hennar, sem fram fór m.a. á veitingastað og heilsulind á hóteli í Reykjavík. Ráðherra hafi sjálf greitt fyrir þátttöku sína en fyrir liggur að annar gestur birti myndir á samfélagsmiðlum þennan dag og merkti þær með myllumerki sem gefur til kynna að um auglýsingu, eða samstarf, sé að ræða.

Siðareglur ráðherra leggja ekki bann við því að ráðherra taki þátt í viðburðum af þessu tagi í einkalífi sínu. Hins vegar verður að telja að það samrýmist störfum ráðherra almennt illa að koma fram fyrir hönd einkaaðila í auglýsingum eða kynningarefni, sbr. 3. tölul. 1. gr. og 1. tölul. 4. gr. siðareglna ráðherra, auk 3. tölul. 4. gr., þrátt fyrir að síðastnefnda ákvæðið fjalli einungis um það þegar ráðherra greiðir götu einstakra fyrirtækja á erlendum vettvangi. Þá er jafnframt ljóst að ráðherra er almennt ekki heimilt að hafa einkanot af gæðum starfsins, þiggja verðmætar persónulegar gjafir eða boðsferðir

nema í tengslum við opinberar embættisskyldur sínar, sbr. 2. og 3. tölul. 3. gr. siðareglanna. Verður því að slá því föstu að það samrýmist illa siðareglum ráðherra að þiggja gjafir, boðsferðir eða afslætti af vörum eða þjónustu frá einkaaðilum gegn því að koma fram í kynningarefni fyrir þá, þar á meðal á samfélagsmiðlum.

Eins og mál þetta er vaxið liggur ekkert fyrir sem bendir til þess að ráðherra hafi þegið slíkar gjafir, boðsferðir eða afslætti frá Icelandair Hotels eða öðrum umrætt sinn. Ráðherra naut þannig hvorki persónulegra fríðinda í krafti embættis síns né vegna umrædds samstarfs. Þá getur ráðherra ekki borið ábyrgð á því að aðrir gestir samsætisins hafi þegið slík fríðindi gegn því að birta kynningarefni á samfélagsmiðli. Loks skiptir hér máli að myndir af ráðherra sjálfri voru ekki merktar sem auglýsing eða samstarf, heldur er um að ræða aðrar myndir sem teknar voru sama dag. Miðað við þær forsendur sem hér er gengið út frá má því ætla að ekki sé um brot á siðareglum ráðherra eða öðrum reglum að ræða.

Það athugast þó að af siðareglum ráðherra verður ráðið að ráðherra beri að forðast allt athæfi sem gefur til kynna að ráðherra notfæri sér stöðu sína í eiginhagsmunaskyni eins og frekast er unnt, sbr. 1. tölul. 4. gr. Getur forsætisráðuneytið því ekki mælt með því að ráðherra taki þátt í viðburðum sem eru að einhverju marki kynntir sem auglýsing eða samstarf við einkaaðila í framtíðinni, nema um sé að ræða þátttöku sem leiðir af og samrýmist embættisskyldum ráðherra.

Vakin er athygli á því að skv. 1. mgr. 7. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012, tekur upplýsingaréttur almennings ekki til gagna sem hafa að geyma upplýsingar um ráðgjöf forsætisráðuneytisins til stjórnvalda eða starfsmanna þeirra um túlkun siðareglna. Ráðherra eða ráðuneytinu er hins vegar almennt heimilt að birta slík gögn að eigin frumkvæði.